

Lesendur, blóm og býflugur.  
Ávarp flutt við lok Stóru upplestrarkeppninnar 2013

Heiðruðu keppendur og aðrir góðir lesendur.

Ég þakka þann heiður að vera boðinn hingað í dag. Ég hef verið svo lánsamur að vera boðinn í marga skóla síðastliðin 20 ár að heimsækja bekkjardeildir sem hafa lesið Benjamín dúfu og fá að ræða við lesendur og svara ýmsum áhugaverðum spurningum.

Ein af þeim spurningum sem ég hef oft fengið er: Hvernig verður maður rithöfundur? Svar mitt er einfaldlega þetta: Maður þarf fyrst að verða góður lesandi.

Svo er ég líka oft spurður hvort ég sé ríkur, en því svara ég á þann veg að sá rithöfundur er ríkur sem á marga góða lesendur.

En hvernig verður maður góður lesandi?

Það er ekki nóg að skilja orðin sem slík eða merkingu þeirra; stafirnir á blaðsíðunni eru aðeins tákn, orðin eru líka tákn, setningar og málsgreinar eru táknmyndir, sumar einfaldar einsog: hann gekk yfir götuna, aðrar flóknari einsog: hjarta hennar byrjaði að kólna, einsog þegar sólin hverfur bakvið tindinn og fjallið verður einn svartur skuggi og maður veit að framundan er ekkert nema nóttin.

Góður lesandi upplifir merkinguna eða tilfinninguna sem er á bakvið orðin, sem er á milli línanna, einsog sagt er.

Mér hefur fundist ég læra mikið á því að lesa bækur upphátt fyrir sjálfan mig, lesa rólega, svona einsog þegar maður hugsar upphátt. Það getur orðið alveg ný reynsla að lesa upphátt fyrir sjálfan sig einhverja bók sem maður þekkir vel og þykir vænt um.

Því það eru til góðar bækur og vondar bækur.

Gæði bóka byggjast ekki á verðlaunum eða frægð eða jákvæðri gagnrýni heldur ekki á metsölu eða því orðspori að 'allir séu að lesa bókina og öllum finnst hún frábær' það er því miður sjaldan ávísun á gæði. En það sem einum finnst vond bók finnst öðrum frábær bók. En hvað er góð bók? Það er mjög einstaklingsbundið. Bók er góð ef hún talar til manns á einhvern hátt, segir manni eitthvað nýtt um mann sjálfan, fær mann til að upplifa einhverja tilfinningu og opnar þannig nýja vídd innan í manni sjálfum; bók er góð ef hún snertir við manni.

Hver sem ætlar að verða góður lesandi þarf því að læra að velja réttu bækurnar fyrir sig og læra að hafna þeim sem honum eða henni líkar ekki. Það er versta tímasóun í heimi að lesa vonda bók, þær koma yfirleitt upp um sig á blaðsíðu 15 í síðasta lagi. En þeir sem ætla sér að verða rithöfundar hafa reyndar líka gott af því að lesa vondar bækur – því fyrr kemst maður að því hvernig maður sjálfur ætlar ekki að skrifa – og þá er maður kominn aðeins nær því að vita hvernig maður ætlar að skrifa.

Góðir lesendur eru nefnilega einsog býflugur.

Býflugur eru einu lífverurnar í veröldinni sem kunna að búa til hunang; þær fljúga á milli blóma og safna úr þeim safu en um leið frjóvga þær líka blómin. Svo koma þær heim í býflugnabúið, þær skila safnum og umbreyta honum í hunang. Þannig eru góðir lesendur; þeir fljúga á milli góðra bóka og drekka úr þeim safann og umbreyta honum í viskahunang fyrir hjartað, þekkingar- og reynsluhunang fyrir hugann og næringu fyrir sálina. Og um leið frjóvga góðir lesendur nýjar hugmyndir um lífið og tilveruna og um sjálfa sig.

Til að vera góður lesandi þarf maður semsagt fyrst að verða góð býfluga.

Ég er líka stundum spurður hvort það sé ekki gaman að vera frægur rithöfundur? Þegar maður er að skrifa skiptir engu máli hvort maður er frægur eða ekki. Eitt af því sem skiptir hvað mestu máli þegar maður les Íslendingasögurnar, er að maður hefur ekki hugmynd um hver skrifaði þær. Persóna höfundarins er ekki að þvælast fyrir sögunni; sagan ein fær að njóta sín til fulls. Það má vera að höfundur Njálu hafi verið frægur maður á meðan hann var á lífi. En hvaða máli skiptir það núna? Engu máli. Það eina sem skiptir máli er að skrifa af heiðarleika og virðingu fyrir persónum sínum og lesendum. Ef einhver er enn að lesa verk manns eftir 100 eða 200 ár, þá fyrst er hægt að segja að viðkomandi rithöfundur hafi tekist ágætlega upp. Ef verkið lifir manninn þá fyrst getum við sagt með sannri að verkið sé listaverk.

Ég var 12 ára þegar ég byrjaði að lesa bækur Halldórs Laxness, Brekkukotsannál, Heimsljós og Íslandsklukkuna. Þá voru svokallaðar barna og unglingsbækur ósköp fátæklegar að innihaldi. En þegar ég komst í bækur Halldórs hafði ég fundið höfund sem skildi mig – þannig var upplifun mín af lestri bóka hans: hann talaði bæði til vitsmuna minna og tilfinninga, talaði bæði við hug minn og hjarta. Þeirrar upplifunar vil ég óska ykkur öllum í þeim bókum sem þið eigið eftir að hafa á milli handanna. 12 ára börn standa á þröskuldi fullorðinsáranna, þau eiga að fá bækur sem gera kröfur á heilann og snerta við hjartanu. Það eru bækur sem gott er að alast upp við.

Mig langar að kveðja ykkur með stuttri málsgrein úr bókinni Góða ferð, Sveinn Ólafsson, en sagan segir frá Sveini sem vaknar upp á þrettán ára afmælisdeginum sínum. Þó ekkert hafi breyst í kringum hann, þá finnur hann að eitthvað mikið hefur breyst innra með honum. Um þessa breytingu fjallar sagan um Svein. Og hér er hann búinn að átta sig á að senn mun hann kveðja barnæskuna og stíga inn í frumskóg fullorðinsáranna, sem hann kvíðir mjög:

“Barnæska mín er liðin undir lok einsog sumardagur við hlátur og leik á sólbjörту engi undir bláhimni. Nu er sá dagur að kvöldi kominn. Fram undan er svartiskógur fullorðinsáranna, fullur af skrímslum og pöddum og hættum við hvert fötmál, úlfum, snákum og eitruðum köngulóm; þéttriðin flækja af gróðri sem ég þarf að höggva mér leið í gegnum til að komast áfram, ég veit ekki hvert. En mér hefur verið hrint af stað og það verður ekki aftur snúið. Ég er tómur inni í mér, einsog hýði utan af epli sem búið er að skræla. Er þetta að vera fullorðinn? Eða er þetta bara að vera þrettán? Að eiga engan vin, engan sem skilur, engan sem getur tekið utan um mig.”

“Að hætta að vera barn, það er kannski mesta reynsla í lífinu. En hvað er að vera fullorðinn og hvenær hættir maður að vera barn? Kannski er lífið ekki ferðalag eftir beinum vegi, frá fæðingu til fullorðinsára, einsog ég hélt, heldur hringferð úr einni vöggu í aðra, frá einni barnæsku til hinnar næstu, þar til maður er lagður til hvílu í hinsta sinn í gröfina, einsog sofandi ungbarn. Ef til vill á maður ekki að hætta alveg að vera barn, heldur miklu frekar að verða betra barn, eftir því sem maður eldist. Og kannski er það fyrst þá, að maður telst fullorðinn, þegar maður hefur náð því marki að vera fullkomið barn.”

Upplestrarkeppnin á sér einkunnarorð sem eru svona: Í Stóru upplestrarkeppninni eru allir sigurvegarar. – Þetta eru orð að sönnu, því sá sem ætlar sér að keppa í einhverju, ekki bara til þess að vera með, heldur til þess að sigra, hann er þegar orðinn sigurvegari. Vegna þess að sigur er alls ekki það að sigra alla hina, heldur fyrst og fremst það að sigra sjálfan sig.

Við þurfum öll að takast á við okkur sjálf á hverjum degi; fara á fætur þótt við nenum því ekki, stunda vinnu eða skóla, læra heima, elda mat – einmitt þegar okkur langar til að vera að gera eitthvað annað. Allir þurfa að takast á við einhverjar hindranir innra með sér, frá einum degi til annars, hindranir sem halda aftur af okkur, þegar okkur langar að gera vel; við þurfum að sigrast á leti, reiði, fýlu, feimni, ótta, óþolinmæði og öðru því sem dregur úr okkur kjarkinn til að halda áfram að því marki sem við höfum sett okkur.

Að sigrast á okkar eigin hindrunum getur því orðið besta gjöfin sem við gefum okkur sjálfum. Heiðruðu keppendur: Ég óska ykkur öllum frækilegs sigurs í dag og um alla framtíð.

Friðrik Erlingsson